



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20.11.2009

Efni: Frumvarp til laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki (82. mál) og frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt (81. mál)

Í frumvörpum þessum felast tillögur um þrjúþætta skattaívilnun sem miða að því að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja. Er í fyrsta lagi lagt til að nýsköpunarfyrirtækjum verði veittur stuðningur í formi frádráttar frá tekjuskatti í hlutfalli við útlagðan kostnað við rannsóknir og þróun. Í öðru lagi er lagt til að einstaklingum verði veittur skattafláttur vegna kaupa á hlutabréfum sem gefin eru út af nýsköpunarfyrirtækjum og geti varið allt að 300 þús. kr. árlega til hlutfjárkaupa í nýsköpunarfyrirtækjum, sem myndi frádrátt frá tekjuskattsstofni þeirra og að sú fjárhæð verði tvöföld hjá hjónum. Í þriðja lagi er einnig lagt til að lögaðilar fái heimild til skattafláttar vegna kaupa á hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja. Í frumvarpinu er miðað við að lögaðilar geti fjárfest fyrir allt að 15 millj. kr. árlega í slíkum bréfum sem samhliða veiti þeim rétt til frádráttar frá tekjuskattsstofni.

Engum dylst mikilvægi þess að örva nýsköpun og efla þannig samkeppnishæfni og verðmætasköpun í atvinnulífinu. Nú á tímum einhverra mestu efnahagsþrenginga sem þjóðin hefur þurft að glíma við skiptir það algjörlega sköpum að allt verði gert sem mögulegt er til að efla nýsköpun og örva vöxt á öllum sviðum íslensks atvinnulífs og skapa þannig grundvöll fyrir aukinni verðmæta- og atvinnusköpun.

Á undanförunum árum hefur að nokkru orðið jákvæð þróun í umhverfi nýsköpunar, einkum með því að stjórnvöld hafa eflt samkeppnissjóði til að styðja við rannsóknir og nýsköpun. Engu að síður er ljóst að stuðningur hér á landi við nýsköpun og þróunarstarf fyrirtækja er mun takmarkaðri og fábreyttari en í flestum nálægum löndum sem bestum árangri hafa náð á sviði nýsköpunar. Ennfremur liggur fyrir að sá stuðningur sem veittur hefur verið hér á landi til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja úr opinberum sjóðum hefur skilað sér margfalt til baka eins og t.d. umsvif og skattgreiðslur Marel og Össurar sanna.

Stuðningur við nýsköpun í gegnum skattaívilnanir er vissulega bara ein möguleg leið og rökstyðja má að t.d. aukinn stuðningur í formi beinna styrkja gæti verið skilvirkari, þar sem þá er komist hjá því að flækja skattkerfið með ívilnunum. Á hinn bóginn verður að telja að vel hafi verið vandað til undirbúnings þessara frumvarpa og ástæða sé til þess að vænta að lögfesting þeirra skattalegu ívilnana sem þar er gert ráð fyrir feli í sér verulegan hvata til aukinnar nýsköpunar. Í ljósi þessa eru Samtök atvinnulífsins hlynnt því að frumvörpin verði lögfest.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Guðlaugur Stefánsson